

Hanna Katrín Friðriksson
atvinnuvegaráðherra

16. júlí 2025

Efni: Heimild fyrir auknum afla til strandveiða

Þar sem ég stend hér við skrifborðið og slæ inn hvern stafinn á fætur öðrum sem myndar orð og verður að texta skellur á mig ákall um nánari útskýringu hvernig nota megí ákvæði um VS-afla til að rökstyðja auknar heimildir til strandveiða.

1 gr. laga um stjórn fiskveiða orðast svo:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða veitir skipstjóra hvers fiskiskips heimild til að ákveða að hluti afla skipsins reiknist ekki til aflamarks. Magn sem þannig er skráð má að hámarki vera 5% af öllum afla viðkomandi, að uppsjávarfiski frátöldum. Heimild þessi er sett inn til að bæta umgengni um auðlindina. Gefa aðilum tækifæri á að fénýta afla sem, á þeim tíma, skilaði sér ekki til vinnslu. Hér er um ákveðinn sveigjanleika í kerfinu þar sem aflaheimildir dragast ekki frá neinum, jafnframt sem stuðlað er að hagkvæmri nýtingu stofnsins.

Á sl. árum hefur VS-aflí í þorski farið vaxandi og stefnir í aflamet á yfirstandandi fiskveiðiári.

Fiskveiðiár	Magn
2024 / 2025*	3.710 Tonn
2023 / 2024	3.689 Tonn
2022 / 2023	3.779 Tonn
2021 / 2022	2.196 Tonn
2020 / 2021	1.281 Tonn

VS-aflí er í raun opin heimild og takmarkast ekki við leyfilegan heildarafla einstakra tegunda. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að VS-aflí þrefaldist eins og gerst hefur frá árinu 2020/2021. Heimildin er til staðar og nokkuð í að hún sé fullnýtt.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri

